Menntaskólinn í Reykjavík
mr@mr.is Sími 545-1900

Kennari: Margrét Adolfsdóttir



6. bekkur
Félagsfræði (FÉLA3KR09)
2026-2027

Í vetur verður farið dýpra í meginkenningar félagsfræðinnar og helstu fræðimenn hennar og byrjað er á afbrotafræði og eftir áramót verður áhersla á kynjafræði.
Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara sem og nemenda. Auk minni verkefna munu nemendur halda einn fyrirlestur.

Námsmarkmið:

Nemendur:

- þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni
- geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræði, afbrotafræði og kynjafræði
- geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu
- þjálfist að að ræða saman og að beita gagnrýnni hugsun
- þjálfist í að miðla efni

Námsefni:

Afbrotafræði – kennslubók fyrir framhaldsskóla. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

https://vefbok.is/afbrotafraedi/

(Vefbók í kynjafræði, bíðið með að kaupa aðgang þar til síðar og kennari lætur vita ef nemedur eiga að kaupa aðgang, það væri þá bara hálf önn eftir áramót)

Annað efni frá kennara

Fréttamiðlar og fleira eftir því sem við á hverju sinni

Námsmat:

Námseinkunn:

Virknidagbók 20%. 10% fyrir áramót og 10% eftir áramót, nemendur skila virknidagbók í nóvember nálægt lok annar.

Kaflapróf 30 %. Það eru tvö próf fyrir áramót og tvö próf eftir áramót. Þrjár hæstu einkunnir gilda. Það eru ekki sjúkrapróf en nemendur verða að taka að minnsta kosti eitt próf á önn. Ef nemandi missir af báðum prófum á önninni þá er boðið uppá sjúkrapróf úr öllu námsefninu sem var til prófs, sem sagt úr báðum prófunum á önninni.

Fyrirlestur 20%

Verkefnaskil 30% . Hugtök, verkefni, örfyrirlestrar, greining á fréttum, myndmiðlum og fleira. Nemendur vinna þetta oftast í tíma og skila á INNU. Sum verkefni eru einstaklingsverkefni en önnur paraverkefni eða hópverkefni. Það verður að skila verkefnum innan ákveðins tímaramma sem gefinn er fyrir hvert verkefni.
Ef nemendur missa af 1-2 verkefnum á önn vegna veikinda eða annarra sambærilegra forfalla kemur það ekki að sök.

Stúdentspróf, lokapróf 100%

Lokaeinkunn byggir á meðaltali af stúdentprófseinkunn og Námseinkunn.

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.